

Nd.

## 257. Breytingartillögur

[107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Aftan við fyrri málsgr. 2. gr. bætist: og tilsvarendi geymslukostnað vegna fisks, sem veiddur er á öðrum tíma.
2. Í stað orðanna „að greiða megi úr ríkissjóði“ í þriðja málslið 3. gr. kemur: að greiða megi úr dýrtíðarsjóði.
3. Á eftir 4. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða.
4. 10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina.
5. Fyrirsögn II. kafla hljóði svo:

Um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.
6. Í stað orðanna „er síldveiðar stunduðu sumarið 1948“ í 12. gr. kemur: er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948.
7. 4. tölul. 13. gr. orðist svo:

Að útgerðarmaður nái viðunandi samningum við lánardrottna sína, að dómi skilanefndar, á öðrum skuldum sínum, til þess að útgerð hans verði rekin framvegis á fjárhagslega tryggum grundvelli.
8. Fyrsta málsgr. 17. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin getur samkv. tillögum skilanefndar sett reglugerð um skuldaskil útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu á tímabilinu 1945 til 1948, er taki til þeirra útvegsmanna, sem ekki komast að samkomulagi við lánardrottna sína, sbr. 13. gr., og slíkra skuldaskila óska.
9. Í stað orðanna „Heimild meiri hluta þeirra lánardrottna, er sækja fund“ í 3. tölul. 17. gr. kemur: Heimild lánardrottna þeirra, er ráða yfir meiri hluta af skuldakröfunum og sækja fund.
10. Í stað „veði“ í 18. gr. kemur: verði.
11. a. Í stað „2. gr.“ í upphafi 23. greinar kemur: 21. gr.  
b. Á eftir orðunum „fyrri misserisins“ í öðrum másl. sömu greinar kemur: og tilkynna hann skattgreiðanda.  
c. Í stað „10 dagar“ í síðasta másl. annarrar málsgr. sömu greinar kemur: 30 dagar.
12. a. c-liður 29. gr. orðist svo:

af innflutningsleyfum fyrir fólksbílum 50% og af jeppa- og vörubifreiðum 25% af leyfisfjárhæð; leyfisgjaldið miðist við tollmat bifreiðanna að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingariðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

b. Á eftir c-lið koma nýir liðir:

  1. af innflutningsleyfum fyrir bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum 50% af leyfisfjárhæð.
  2. af innflutningsleyfum fyrir hjólbörðum og slöngum 25% af leyfisfjárhæð.